

Keldur á Rangárvöllum

Viðgerðir á Keldum sumarið 1997.
Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús

Þór Hjaltalín



2

Keldur á Rangárvöllum

Viðgerðir á Keldum sumarið 1997.
Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús

Þór Hjaltalín



Ljósmynd á forsíðu: Hjallur og smiðja árið 1951. Ljósmynd Gísli Gestsson

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Þór Hjaltalín

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

I.	Inngangur	5
II.	Vesturtraðir	5
III.	Smiðja og hjallur	7
	1. Fyrri viðgerðir	7
	2. Fornleifarannsókn	8
	3. Veggjahleðsla	11
	4. Grind	12
	5. Raftar og þekja	14
	6. Þil	14
IV.	Verkstæðisvinna	16
	1. Viðgerð á hurðum	17
	2. Járnsmíðavinna	20
	3. Aðrar viðgerðir	20
V.	Framkvæmdir í Nýjahúsi	21
	1. Fyrri viðgerðir	21
	2. Framkvæmdir sumarið 1997	23
VI.	Heimildir	24

Keldur á Rangárvöllum

Viðgerðir á Keldum sumarið 1997

Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús

I. Inngangur

Vorið 1997 var samin verkáætlun fyrir Keldur þar sem stefnt er að því að gera við allan bæinn með útihúsum og öðrum mannvirkjum á næstu árum. Í myllunni skyldi malað að nýju, smíðað í smiðjunni og eldað á hlóðum. Reiknað var með að áttak þetta stæði u.þ.b. næstu fimm árin. Markmiðið er að koma bænum í það horf að þar megi opna glæsilega sýningu um híbýla- og búskaparhætti á fyrri öldum. Keldnabærinn er einstakur ekki síst fyrir þá sök hversu heildstæður hann er. Þar er að finna 24 uppistandandi mannvirki: Auk bæjarhúsanna, skemmur, smiðju, myllukofa, fjós, hesthús, fjárrétt o.fl. og standa þar sem vitnisburður um liðna tíma. Bærinn er ekki aðeins forvitnilegur ferðamönnum sem leið eiga um Suðurland, heldur er hann ekki síður mikilvæg söguleg heimild fræðimönnum sem rannsaka húsagerð og búsetu liðinna kynslóða. Þó að hér sé miðað við að sumarið 1997 sé upphaf uppbyggingaráttaksins, þá er í raun mjög erfitt að skilgreina ákveðið upphaf. Torfbæirnir eru þeirrar náttúru að þurfa stöðugt viðhald og á síðustu árum hafa ýmis mannvirki á Keldum verið endurbætt. Sumarið 1994 var gert við Stóru- og Litluskemmu og árið eftir var gert við lambhúsin sunnan við Keldnalæk. Eftir að Þjóðminjasafnið tók við bænum árið 1947 hefur viðhald hans einkennst meir af því að gert er áttak á nokkurra ára fresti, fremur en að bærinn sé í stöðugum viðgerðum, líkt og þegar búið var í honum. Stefnt er að því að auk fastasýningar í bænum verði árlegar þemasýningar, sem miða að því að vekja athygli gesta á ýmsu forvitnilegu sem sjá og finna má á staðnum. Auk þess að fræðast um menningarmínjar þjóðarinnar á Keldum geta gestir notið þar útivistar í fallettu umhverfi. Ákveðið var að auka til mikilla muna áherslu á

heimildaöflun um húsin og skráningu á ákvörðunum um viðgerðina. Í þessu skyni var sagnfræðingur ráðinn til starfa. Verkefni hans var að skrá og lýsa öllum framkvæmdum á staðnum og afla gagna um Keldur, svo að allar framkvæmdir hefðu stuðning af bestu fánlegu heimildum. Með þessu varð áherslubreyting við viðgerðir á byggingum sem teljast til menningarsögulegra minja á Íslandi. Umfjöllun af þessu tagi er hvati umræðna um álitamál varðandi viðgerðir húsanna og veita mikilvægt aðhald við ákvarðanatöku. Skýrsla þessi er afrakstur þessa starfs sumarið 1997, en þá var gert við Vesturtraðir, smiðju, hjall auk þess sem umfangsmikil viðgerð fór fram á svokölluðu Nýjahúsi frá 1937.

Á verkstæði Gunnars Bjarnasonar fóru einnig fram viðgerðir á ýmsum hlutum Keldnabæjarins, aðallega hurðum, sem einnig er gerð grein fyrir.

II. Vesturtraðir

Fyrir vestan bæinn voru engar traðir, heldur að miklu leyti ein gata með troðningum í kring, æði opt orpið sandi þeim sem sópaðist fram túnið vetur og vor, einnig að sumri frá bæjarrönd og úr Austurtröðum, Þar vestur um.¹

Við lok 19. aldar var fyrst farið að hlaða traðirnar. Vestan við kálgarðinn var gömul hleðsla sem Skúli Guðmundsson taldi mjög forna og mun eldri en kálgarðinn sjálfann sem mun vera frá því um miðja öldina eða fyrr. Garðspotti þessi var hlaðinn upp árið 1891 úr úrgangsgrjóti baðstofunnar. Hlaðin voru fjögur lög með torfi á milli. Norðan megin var forn smiðjutóft og stóð nokkru vestan

¹ Þí - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 52. Skúli er síðasti ábúandinn í gamla bænum á Keldum. Hann bjó þar frá fæðingu árið 1862 til dauðadags árið 1946.



Mynd 1. Keldur um 1945. Neðst eru Vesturbotnar og myllukofinn. Framan við myllukofann eru upptök Króktúnslækjar, en þar skagar Litlitangi út í á. Vesturtraðirnar ná vel upp á hlað og alveg að kálgarðinum. Hleðslan næst kálgarðinum taldi Skúli að stofni til vera mjög forna. Þar norðan við stóð gömul smiðjutóft og gróf Skúli upp syðstu hleðslusteina hennar Þegar norðurveggur traðanna var hlaðinn árið 1891. Þar sem beygjan er í tröðunum kallar Skúli "olnbogann". Ljós. Páll Jónsson.

Skúli nyrðri traðarveggnum frá 1891 og lagði þar tvö lög af steinum milli snidda og setti þar hellusæti inn í miðjan vegginn með sirkilbugðu yfir úr sniddu til þess að styðja við bakið. Þetta þjónaði sem stóll.²

Traðirnar eru ekki í eigu Þjóðminjasafnsins en nauðsynlegt er þó að safnið taki að sér endurbætur á þeim líkt og á öðrum mannvirkjum á staðnum. Vorið 1997 var Ari Jóhannesson fenginn til að endurhlaða traðirnar og hafði hann sér til aðstoðar Unnstein Elíasson. Þær voru þá að mestu leyti hrundar og uppgrónar. Þeir hófu verkið þann 20. maí og byrjuðu á því að grafa upp traðirnar og til þess notuðu þeir litla gröfu. Í ljós kom að hleðslan var nokkuð heilleg á allöngum kafla í austurenda traðanna. Sjá mátti að torfbrík hefur verið lögð ofan á traðarbarminn báðum megin til þess að hindra að vatn rynni ofan í þær. Við uppgröftinn kom einnig vatnsrásin í ljós og yfir henni lá hella.



Mynd 2. Vorið 1997. Traðirnar voru uppgrónar en Skúli Lýðsson minnst þess að í æsku hans hafi þær verið akfærar Willysjeppa. Ari og Unnsteinn hófu verkið á því að grafa upp úr þeim. Á myndinni má sjá Unnstein nota litla skurðgröfu við það verk. Ljós. Ari Jóhannesson.

við útielldhúsið. Þegar Skúli hlóð þar traðarvegginn gróf hann upp stóra steina úr smiðjutóftinni að sunnan. Árið 1903 voru Vesturtraðirnar hlaðnar í fyrsta sinn niður fyrir brekku og vestur að lindinni og voru notaðir hnausar í hleðsluna. Það er fyrst árið 1922-23 sem traðargarðurinn var "snilldarlega hlaðinn" með fimm lögum af torfi og grjóti og með vatnsaugaskarði til þess að leiða afrennsli af hólnum að norðan niður í lind. Er hér fyrst og fremst um að ræða garðinn frá "olnboga" og niður að botnum við myllukofann. Í hleðsluna var notað grjót og snidda. Árið 1928 breytti

Við endurgerð traðanna var líkt eftir hleðsluaðferðinni sem fyrir var. Fyrst var grafið niður að sandinum sem liggur rétt neðan við yfirborð traðarstígsins. Jarðvegur úr hólnum norðan við traðirnar hefur sígið töluvert í átt að keldunum og var nauðsynlegt að hreinsa hann vel frá. Í hleðsluna voru síðan höfð fjögur grjótlög með tvöföldum streng á milli og brík efst. Að mestu var notað það grjót sem var til staðar en nokkuð af grjóti

² ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 46 og 52-54.

Mynd 3. Ari gróf upp úr dæld sunnan við traðirnar til þess að fá réttan halla á vatnsrásina. Hreinsað var upp úr rásinni og hún fyllt af grófri mól. Ljós. Unnsteinn Elíasson.



Mynd 4. Austan við Litlatanga kemur keldan beint undan tröðunum og er nokkuð bratt niður á hana. Ari og Unnsteinn hlóðu þar vegg. Hér má sjá Unnstein munda skófluna en Ari stendur í tröðunum. Ljós. Ólöf Kristinsdóttir.



var þó sótt út í hraun. Strengurinn var fenginn úr landi Keldna. Reikna má með að traðirnar grói fljótlega og að ásýnd þeirra verði eins hvort sem um streng eða sniddu er að ræða. Vatnsleiðslan var endurgerð og hreinsað upp úr vatnsrásinni og hún fyllt með grófri mól. Við traðirnar sunnanverðar var grafið upp úr dæld sem þar var, þannig að vatnsrásin hafi réttan halla út í læk. Við kelduna norðan við Litlatanga var hlaðinn upp grjótveggur en efni í hann var sótt í malarnámur nokkru vestan við Keldur.³

³ Ari Jóhannesson, viðtal 28. jan. 1998.

III. Smiðja og hjallur

1. Fyrri viðgerðir

Árið 1892 voru gerðar töluverðar endurbætur á smiðjunni. Þá var gamall mænisás úr baðstofu Króktúns tekinn og notaður þar sem undirstokkur. Segir Skúli Guðmundsson hann hafa verið afganglan og úr rauðum víði. Þá voru veggir og kampar hlaðnir. Smiðjuþilið var endursmíðað og settir “fínir listar, eins og á baðstofuþili” en áður höfðu þeir verið “breiðir... og bil milli innri borða klæðningar”. Hurðin var gerð úr tveimur breiðum borðum og breiðum strikuðum lista. Þetta ár var sett skrá á hurðina með læsingu. Ytri vindskeiðarnar voru látnar mætast í toppnum, en



Mynd 5. ... að loknu verki. Veggurinn full hlaðinn ásamt norðurgarðinum, sem hafður var með fjórum grjótlögum og tvöföldum streng á milli. Ljós. Ari Jóhannesson.

áður höfðu þær legið í kross upp fyrir burst; tignarlegra þá, segir Skúli, líkt og á Austurskemmu. Vindskeiðarnar voru þykkari og þoldu fellingu á víxl. Árið 1912 var smiðjan öll ofan tekin. Full þörf var þá á að hækka þilið, en vegna annríkis við heyskap var það látið standa. Innstu stoðir voru þó endurnýjaðar. Þilið var síðan hækkað árið 1927 og settur nýr undirstokkur.⁴

Hjallurinn stendur þrepi hærra en önnur hús, en á móti kemur að þar er lægra til lofts, segir Vigfús Guðmundsson. Hann segir jafnframt að rimlaþil hafi verið að framanverðu og eins á norðurgaflinum fyrir ofan veggshæðina. Í hjallinum var þurrkaður þvottur o.fl., en einnig voru þar geymdar tíu kvíagrindur, kláfar og fleira sem þótti óvandað.⁵ Árið 1891 var hjallurinn allur gerður upp. Þá var listaðil sett á norðurgaflinn og hleri á lómum með krókum. Árið 1910 var hjallurinn á ný allur tekinn og endurhlaðinn. Nýir þilstafir voru þá settir og einnig þröskuldur úr jóladagstrénu frá 1885. Jóladagstré þetta mun vera reka-drumbur sem fannst í fjöru á jóladag, þann 25. desember árið 1885. Ein stoð í búrinu, sem rist er á ártalið 1914, mun vera úr þessum sama drumbi. Vesturskemmuhurðin var þá sett fyrir hjallinn, en áður mun engin hurð hafa verið á honum. Forn strikuð stoð var sett þar inn, en var áður sperra í búri. Þessi forna strikaða spýta mun síðar hafa stórspillst af fénaði, “sem ég ætlaði sízt”, segir

Skúli, “hélt þar allra besta staðinn til varðveislu”. Lausir hlerar voru smíðaðir fyrir grindarþilið að framan. Eftir jarðskjálfta árið 1912 varð að endurhlaða norðurvegg undir stafnþili. Miklar viðgerðir fóru enn á ný fram á hjallinum árið 1927. Þá var allur vesturveggurinn tekinn niður og stafgólf að austan fremst með öllum suðurkampi. Þá var hinn strikaði sperrukjálki úr búrinu settur fremst við vesturvegginn. Jötur voru settar þar inn og fé eyðilagði þessa “höfuðþrýði hjallsins”.⁶ Töluverðar viðgerðir hafa farið fram á bænum í umsjónartíð Þjóðminjasafnsins. Árið 1961 dvaldist Sigurður Egilsson á Keldum um hálfis mánaðar skeið og endurnýjaði þá stafnþil bæði á hjallinum og smiðjunni. Árið 1976 var hjallurinn tekinn ofann og veggir hans endurhlaðnir af Sigurþór Skæringssyni eftir því sem þurfa þótti.⁷

2. Fornleifarannsókn.

Þann 5. júní 1997 fóru þau Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingar að Keldum til þess að rannsaka smiðjutóftina. Fyrirhugað var að hlaða smiðjuna upp að nýju og þótti því rétt að grafa niður í gólf hennar og athuga hvort þar væri eitthvað forvitnilegt að finna. Gólfið var hreinsað og snið tekið framan við bekkinn. Gólfskánin var ca. 8-9 cm þar sem hún var þykkust, blönduð kolum og gjalli. Undir gólfinu var sandblendinn jarðvegur með ógreinilegri


⁴ ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 20-21.

⁵ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 166-167.

⁶ ÞÍ - Skúli Guðmundsson; Smæsta smátt, bls. 19-21 og 226-227.

⁷ Ársskýrslur Þjóðminjasafnsins, 1961 og 1976.

Mynd 7. Víglundur Kristjánsson
hleðslumeistari önnum kafinn við að
hlaða upp austurvegg hjallsins
snemma sumars 1997.
Ljós: Hjörleifur Stefánsson.




Mynd 6. Grunnmynd og snið af smiðjunni. Innst í vestara horninu er þró sem er 60x76 cm að utanmáli og 50 cm há. Hún var full af kolasalla. Stoðasteinar voru meðfram veggjum með mislöngu millibili, allt frá 1,2 m í 2 m. Ein stoðin mun líklega hafa staðið uppi á bekknum. Eldstæðið er 50 cm hátt mælt frá gólfi. Meðfram vesturveggnum er hlaðinn bekkur úr grjóti, hugsanlega sæti. Við enda bekkjarins er steðjasteinn. Í sniðinu reyndist gólfskáin vera 8-9 cm þar sem hún er þykkust. Undir gólfinu er sandblendinn jarðvegur með ógreinilegum mannvistarleifum. Smiðjan sjálf er um 1,75 m að breidd að framan en um 2,25 m að breidd innst. Lengd smiðjunnar er um 4,75 m.

Teikning Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir.



Mynd 8. Séð inn eftir hjallinum þann 13. maí 1997. Grindinni í hjallinum og smiðjunni hafði verið "tjaslað saman". Því var nauðsynlegt að sækja fyrirmyndina í skemmurnar. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.



Mynd 9. Lokið var við að reisa hjallgrindina þann 10. júlí 1997. Samsetning hennar sést vel á myndinni. Borað var fyrir trénöglum og hún sett saman á þann hátt. Þessa samsetningu er að finna víðar á bænum en í skemmunum, t.d. í skálanum. Aurstokkur liggur undir fremstu stoðaröðinni við suðurstafinn og varð að laga grjótpúkkið undir honum til þess að fá hann réttan. Ljós. Þór Hjaltalín.

mannvist. Neðst og austast voru leifar af eldri torfvegg sem gekk undir vegginn. Svo er að sjá að smiðjan hafi staðið á þessum stað tiltölulega skamman tíma.⁸ Vigfús Guðmundsson segir að elstu leifar af smiðju á Keldum hafi fundist vestan við haugstæðið við fjósið, þegar grafið var fyrir þró þar. Bygging þessi, segir hann, mun vera mun eldri en fjósið, sem þó er margra alda gamalt. Aðra smiðjurúst er svo að finna fyrir vestan bæjarröndina, og sást tóft hennar fram á þessa öld.⁹ Um eldri smiðjurústina segir Skúli Guðmundsson að í fornöld hafi smiðjan verið undir tröðunum milli austurkálgarðs og tappakofastéttar, undir þeim

mannvirkjum og snúíð í útsuður. "Sett þar fyrir alla núverandi bygging, ca. alin í jörð eða meira". Um yngri rústina, segir Skúli að hún hafi verið utan húsagarðs, fyrir vestan bæjarröndina, og verið vestust húsa þar fyrr og síðar.¹⁰ Smiðjan mun vera elsta húsið í núverandi bæjarrönd austan við búr. Árið 1833 mun ekkert hús hafa staðið austan við búrinn nema smiðjan og er ekki ósennilegt, að mati Skúla Guðmundssonar, að hún hafi staðið þar sem stóraskemma stendur nú. Þetta mætti fá staðfest með því að taka þar snið í gegnum gólfið. Aldur hjallsins er óviss, en Skúli telur hann líklega vera frá 1834-50.¹¹

⁸ *Þjms* - Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir; Smiðja á Keldum. Skýrsla unnin í júní 1997 um uppgröftinn.

⁹ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 166.

¹⁰ *ÞÍ* - Skúli Guðmundsson; *Smæsta smátt*, bls. 19.

¹¹ Sami, bls. 19-20.



Mynd 10. Samsetningin á grind Gunnsteinsstaðakirkju í Langadal var með sama hætti og sjá má á Keldum og ber hún ýmis einkenni stafverks. Gunnsteinsstaðakirkju taldi Guðbrandur Jónsson vera miðaldasmíð og var hún öll sett saman með trénöglum. Í viðnum eru miðaldaskreytistrik sem minna á Keldur.
Ljós. Matthias Þórðarson (Þjms. 1923:17)

3. Veggjahleðsla.

Í júnímánuði voru veggir smiðju og hjalls endurhlaðnir. Verk þetta annaðist Víglundur Kristjánsson hleðslumaður ásamt tveimur aðstoðarmönnum sínum, þeim Unnpór Helgasyni og Birni Hrannari Björnssyni. Á Keldum er notað hraungrýti og segir Víglundur að erfitt sé að hlaða úr því. Grjót þetta er mikið brennt og á því er sjaldan að finna greinileg “andlit”. Steinarnir eru ekki höggðir til. Víglundur segist “klípa” mikið grjót, en reynir að láta það ekki sjást. Tilgangurinn með klípuflísunum er sá að búa til sæti fyrir hleðslugrjótið. Á Keldum eru allir innveggir hafðir “grjót í grjót” og ekkert torf notað. Allir útveggir eru hins vegar snidduhlaðnir, en þar eru sniddulögin notuð milli grjótlaga til að “laga línuna” þannig að hún verði sæmilega slétt. Aldrei er “hlaðið upp á drýgsta”, þ.e. að láta lengstu hlið grjótsins snúa út, heldur er langhlið steinsins látinn liggja inn í vegginn. Á milli húsanna eru alls staðar tvöfaldir, samstæðir, þykkir veggir, en milli grjóthleðslna er mold, og er það ekki minna atriði að stutla, þ.e. þjappa moldinni vel, eins og að hlaða vel. Góður mælikvarði á það hvort sómasamlega hafi verið stutlað, segir Víglundur, að ef “pissað er í moldina að morgni, þá á pollurinn að vera þarna að kveldi”.¹²

¹² Víglundur Kristjánsson, viðtal 28. ágúst 1997.



Mynd 11. Þórhallur leggur síðustu hönd á smiðjuviðina fyrir uppslátt þann 19. ágúst 1997. Áferð viðarins í smiðjunni var hafður nokkuð grófari en á hjallinum og var reynt að líkja eftir áferð skálaviðanna. Hér beitir Þórhallur öxinni.
Ljós. Þór Hjaltalín.

Hjallurinn var allur hlaðinn á ný, en í smiðjunni var austurhliðin hlaðin og vesturveggurinn ofan við eldstæði. Norðurgafliinn var látinn standa. Veggurinn milli hjalls og smiðju, sem snýr að smiðjunni, er með auka grjótlagi að innan. Þessi tilraun er gerð til þess að kanna hvort hann dugi betur þannig. Hugmyndin gengur út á það að hafa nokkuð gróft mulningsgrjót innan við steinhleðsluna og finna eftir því sem lengra dregur inn í vegg. Tilgangurinn með þessu er sá að fyrirbyggja að mold renni út með steinhleðslunni, ef hún blotnar, eins og víða má sjá að gerst hefur á Keldum. Einnig er þetta vörn gegn frosti.¹³ Til þessa var notað afgangsgrjót, nokkuð gróft, hnefastórt eða stærra.

¹³ Hjörleifur Stefánsson, viðtal 24. sept. 1997.



Mynd 12. Lokið var við að reisa grind smiðjunnar þann 19. ágúst 1997. Nokkur umræða átti sér stað um það hvort miðbitinn, sem hér sést á myndinni hafi verið þar upphaflega. Ljós. Þór Hjaltalín.

4. Grind

Þórhallur Hólmgeirsson smiður annaðist viðgerð tréverks en hann hafði séð um smiðina á Stóru- og Litluskemmu árið 1994. Grindin í skemmunum var notuð sem fyrirmynd í smiðjunni og hjallinum. Þar hafði grindinni aðeins verið “tjaslað saman” við síðustu viðgerð. Rétt er að gera nokkra grein fyrir viðgerðunum á skemmunum áður en lengra er haldið.

Í Stóruskemmu var grindin endurnýjuð algerlega, en samsetning hennar er sú sama og áður. Það sem var nýtilegt úr gömlu skemmugrindunum báðum var sameinað í Litluskemmu. Í Stóruskemmu var grindin gerð úr rekaviði. Slippfélagið í Njarðvíkum keypti rekafarm vestan af Ströndum og seldi safninu. Viðurinn var síðan sagaður niður þar og í Húsasmiðjunni. Í Litluskemmu er öll grindin úr gömlum viði, nema einn biti í gafli að framan og aurstokkur. Þeir byggingarhlutar Stóruskemmu sem fluttir voru í



Mynd 13. Unnpór og Víglundur negla rafta á sperru hjallsins. Nauðsynlegt reyndist að endurnýja þá nánast alla. Ljós. Þór Hjaltalín.

Litluskemmu eru: sylla næst í austur, sylla fjær í vestur og þriðja stoð í austur. Yfirborð var mótað með öxi og handhefli ásamt stríkhefli sem búinn var til á staðnum. Þórhallur var spurður út í viðhorf sín til verksins, hvað hann væri að gera? “Hugmyndin er að varðveita gamla byggingarlagið og ekki síst handverkið. Þetta verður allt túlkun –að upplifa gamla tímann, það sem fólk er að lesa”. Hann var einnig spurður um röksemdir fyrir því að sameina alla gömlu viðina úr Stóru- og Litluskemmu á einn stað. “Margar stoðir voru illa farnar í Stóruskemmu. Víða þurfti að stytta, en pössuðu þær þá við það í Litluskemmu. Með þessu fæst einnig betri heildarmynd”.¹⁴ Hér vakna ýmis álitamál um það hvernig standa beri að viðgerðum. Hér fylgir Þórhallur þeirri hefð að gjörnýta þann við sem fellur til í bænum líkt og menn gerðu á fyrri öldum. Ef viður er ónothæfur á sínum upprunalega stað var honum komið fyrir annars staðar í bænum. Slíkt “flökkutimbur” má víða sjá á Keldum. Sú meginregla hlýtur þó að gilda að hver byggingarhlutur verði á sínum stað sé þess nokkur kostur.

Þegar austurveggur hjallsins var rifinn sumarið 1997 féll hluti af húsagarðinum, sem stendur ofan við bygginguna, niður í tóftina. Svo er einna helst að sjá að jarðvegur hafi eitthvað gengið til. Áður fyrr var hægt að ganga milli hússins og garðsins en það sund er nú allt uppfyllt, líklega vegna sandfoks. Hjallstóftin virðist hafa skekkst nokkuð og sömuleiðis smiðjutóftin. Auk skekkjunnar olli

¹⁴ Þórhallur Hólmgeirsson, viðtal 20. ágúst 1997.



Mynd 14. Unnpór klýfur rekaviðinn með fleyg. Á bakvið sést í Víglund leggja vatnsvarnardúk á smiðjuna. Ljós. Þór Hjaltalín.

nokkrum vanda sá halli sem var á gólfi hjallsins. Þórhallur lýsti því hvernig hann gróf upp stoðasteinana innst í tóftinni. Nýrri steinar höfðu verið lagðir ofan á þá gömlu. Gólfið hefur verið mun lægra þar áður, eða nokkurn veginn lárétt eins og eðlilegt er. Skúli Lýðsson bóndi á Keldum hafði einhvern tíma notað hjallinn undir sauðfé og var þá vikurlag sett á gólfið. Í innri hluta hjallsins var komið þykkt moldarlag ofan á þetta vikurlag. Gólfið var því orðið mjög framhallandi. Talið var óráðlegt að láta hjallinn hallast fram á við með þessum hætti. Stoðarsteinarnir innst í hjallinum voru því lækkaðir ásamt gólfinu. Þess var þó gætt að grjóthleðslan í veggjunum næði niður fyrir yfirborðið, en á Keldum fer grjóthleðslan ekki mjög djúpt í jörð. Grindin stendur því nokkurn veginn lárétt nú, þó að hleðslan sjálf og gólfið halli nokkuð fram. Tálgaðir voru trénaglar til að festa syllurnar við stoðirnar og einnig til að festa saman sperrurnar. Í grindina eru eingöngu notaðir trénaglar. Naglarnir eru teknir úr þéttasta hluta viðarins, kjarnanum.



Mynd 15. Molda varð vel að hellunum og var það látið duga sem stuðningur við þær. Ljós. Þór Hjaltalín.

Máttarviðir smiðju og hjalls voru algerlega endurnýjaðir. Samsetning þeirra var höfð eins og í Stóru- og Litluskemmu og sömu samsetningu má einnig sjá í skálanum. Í ritgerð sinni um dómkirkjuna á Hólum færir Guðbrandur Jónsson rök fyrir því að Gunnsteinsstaðakirkja í Langadal sé miðaldasmíð. Þar er hvergi að finna járnagla, heldur er allt tréneglt.¹⁵ Samsetning máttarviða er þar einnig með sama hætti og á Keldum. Í smiðjunni var áferð víða höfð gróf, enda mun smiðjan vera elsta húsið fyrir utan skálann. Við mótun yfirborðs timbursins var notuð öxi og hefill. Á hjallinum var höfð öllu finni áferð, en yfirborð og brúnir voru hefluð með handhefli. Máttarviðir voru gerðir úr afgangss rekaviði frá Laufási í Eyjafirði. Aurstokkur er í framstafninum, en annars standa stoðirnar á steinum. Þar sem aurstokkarnir lágu, hafði verið sett grjótpúkk. Þessa steina varð að laga svolítið til þess að fá stökkinn réttan. Gerð smiðjugrindarinnar olli nokkrum heilabrotum. Gunnar Bjarnason hafði nokkrar efasemdir um að næst fremsti bitinn hafi upprunalega verið þar sem hann var settur við síðustu viðgerð. Staðsetning hans veldur því að smiðurinn getur illa athafnað sig og því erfitt um smíðina. Þann 31. júlí kom Gunnar ásamt Hjörleifi Stefánssyni að Keldum til að ræða betur það mál. Haldinn var fundur, þar sem einnig voru viðstaddir Þórhallur Hólmgeirsson, Skúli Lýðsson og Þór Hjaltalín. Skúli sagði okkur þá að hann hefði sjálfur unnið við smíðar þarna sem barn og fullyrti að bitinn hefði verið þarna þá, þó svo að það ylli smiðnum

¹⁵ Guðbrandur Jónsson; Dómkirkjan á Hólum, bls. 182-186.



Mynd 16. Loftop var gert á þekju smiðjunnar, beint yfir smiðnum, sunnan megin við aflinn. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.

ópægingdum. Vigfús Guðmundsson lýsir því hvernig smiðurinn sat við vinnu sína,¹⁶ en Gunnar taldi það óvenjulegt að smiðurinn sæti. Þegar smíðað var hefði allt fyllst af reyk og þeir sem þar voru inni hefðu komið þaðan út svart sótugir sagði Skúli Lýðsson. Oft hefði verið brugðið á það ráð að fara út með járneð glóandi og smíða þar. Niðurstaðan varð því sú að láta bitann vera um kyrrt á sínum stað.

5. Raftar og þekja.

Þann 28. ágúst var komið að því að setja þekju á húsin. Fyrst voru raftar negldir á sperrur og sá Þórhallur um það verk ásamt Víglundi og aðstoðarmönnum. Raftar voru nánast allir endurnýjaðir, en þeir gömlu voru flestir fúnir og ónýtir. Þó var notað það sem nýtilegt var. Í rafta var notaður afgang rekaviður frá Laufási og voru drumbarnir klofnir með fleygum. Þeir voru síðan lagðir nokkuð þétt, þannig að hellurnar sem koma þar ofaná hefðu góða undirstöðu. Hellurnar voru hafðar stórar neðst en smærri eftir því sem ofar dró. Góðar hellur voru sóttar í Gnúpverjahrepp. Fyrst eru neðstu hellurnar lagðar. Síðan er moldað að þeim og þjappað vel. Moldin styður þannig við næsta hellulag sem kemur ofan á og mun það vera nægur stuðningur. Þegar búið er að leggja hellurnar alla leið upp á mæninn og molda vel að þeim, er fyrsta þökulagið sett ofaná, svokallað nærtorf. Þökurnar voru keyptar úr landi Keldna samtals um 1200 fermetrar. Nærtorfið snýr rótinni

¹⁶ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 166.



Mynd 17. Þekja hefur verið sett á smiðjuna. Ofan á sperrunum liggja raftarnir, síðan hellurnar og nærtorfið. Ofan á nærtorfið var settur vatnsvarnardúkur og þrefalt torflag. Ljós. Þór Hjaltalín.

upp. Ofan á nærtorfið er lagður vatnsþéttur dúkur, þykkur og sterkur dúkur, sem á að varna því vatn renni ofan í veggina og húsin. Fenginn var maður fyrirtækinu *Fagtúni* til þess að bræða saman samskeyti á dúknum og tengja hann við jarðvatnslögn sem liggur niður í vegginn. Ofan á dúkinn var lagt þrefalt torflag. Grasið er látið snúa niður á fyrstu tveimur lögnum, því næst er settur húsdýraáburður. Víglundur segir að best sé að nota skít, því hann heldur góðum raka í sér og brennir ekki. Nokkur mold var sett undir efsta lagið til þess að fylla í ójöfnur. Lokst er efsta þökulagið lagt ofaná.¹⁷

6. Þil.

Við viðgerðir stafnþilja árið 1961 tók útlit hjallsins og smiðjunnar töluverðum breytingum. Flest var endurnýjað og notað var nýtt timbur, naglar og lamir. Nú var stefnt að því að færa útlitið nær því

¹⁷ Víglundur Kristjánsson, viðtal 28. ágúst 1997.



Mynd 18. Hjallurinn kominn með rimla líkt og áður var. Þessu var lokað með hlerum.
Ljós. Þór Hjaltalín.



Mynd 19. Þórhallur hefst handa við stafnpílsmíðina. Hér neglir hann fyrstu þiljurnar á smíðjuna með nöglum úr eldsmiðju Gunnars Bjarnasonar. Myndin er tekin í byrjun september, en verkinu lauk um 1. október.
Ljós. Þór Hjaltalín.

sem það var þegar Þjóðminjasafnið tók við Keldum árið 1947. Talið er réttlæt看legt að lagfæra þær viðgerðir sem talið er að safnið geti staðið betur að nú en það gerði áður. Að öðru leyti er ekki reynt að fyrna húsin á neinn hátt, heldur reynt að halda útliti bæjarins að mestu óbreyttu frá því að safnið tók við honum. Þegar Stóra- og Litlaskemma voru gerðar upp var notað gamalt þaktimbur úr Húsinu á Eyrarbakka til endurnýjunar á stafnpíljum. Gluggi Stóruskemmu var óbreyttur og vatnsbrettið ofan við hann og hurðin var gömul. Gamla timbrið úr Húsinu var notað á allt þil Stóruskemmu og gluggi gerður á stafninn. Gafl Litluskemmu var endursmíðaður úr því sem nothæft var af gaflþiljum beggja skemma. Þessar þiljur Litluskemmu ásamt hurð og lömum eru frá 1961.

Bæði skemmuþilin voru negld með koparnöglum úr gömlu bryggjunni í Hvalfirði, og einnig "byggingsspiker", sem eru fornlegir útlits. Við stafnsmíði smiðju og hjalls var leitað eftir upp- lýsingum um útlit þeirra í ýmsum heimildum.

Árið 1891 tók hjallurinn miklum breytingum, en þá var ákveðið að loka fyrir rimlaopin. Reynt var að líkja eftir því útliti sem hann fékk þá.

Rimlagrindin sem verið hafði á norðurstafni hans var þá breytt í listapil og hleri settur á lamir með krók.

Þá voru smíðaðir hlerar til þess að loka rimlagrindinni að framanverðu og vesturskemmuhurðin gamla sett þar fyrir dyrnar. Þá var útielhúsið rífið og timbrið úr því sameinað vesturskemmunnni og hefur þá ein hurð orðið afgangs og hún því sett á hjallinn.

Árið 1919 var kvikmyndin *Saga Borgarættarinnar* að hluta tekin upp á Keldum. Í einu myndskaiðinu, þar sem Gestur eineygði liggur á leiði í kirkjugarðinum, blasir hjallurinn við í baksýn. Stafn hjallsins var teiknaður eftir þessari mynd og hann endursmíðaður. Í þiljurnar var notað gamalt timbur úr Húsinu á Eyrarbakka. Allir naglar voru sérstaklega smíðaðir í eldsmiðju Gunnars Bjarnasonar, en þeir Ólafur Ólafsson smíðuðu samtals 400 fimm, fjögurra og þriggja



Mynd 20. Saga Borgarættarinnar var tekin upp árið 1919, en hún kom að góðu gagni við endurgerð hjallpilsins. Hér sést hjallurinn í baksýn.

þumlunga nagla.¹⁸ Nýjar hurðir voru smíðaðar úr rekaviði í bæði húsin. Í *Smæsta smátt* segir Skúli Guðmundsson að smiðjuhurðin hafi verið úr “tveimur borðum og breiðum lista strikuðum”, og var tekið mið af því við smíðina. Borðin voru höfð 30 cm breið en í listann í miðjunni var notaður viður úr Húsinu á Eyrarbakka. Hurðin var sett saman með trénglum. Skúli segir jafnframt að þá fyrst, árið 1892, hafi verið sett skrá á hurðina með læsingu. Gömlu lyklnir að húsunum og kistunum hafa ekki fundist, en Drífa Hjartardóttir segist muna eftir því að hafa séð þá á árum áður í skúffu í Nýjahúsi.¹⁹ Á Bygðasafninu á Skógum er hins vegar að finna teikningar eftir Kristínu Skúladóttur, þeirra á meðal teikningar í réttri stærð af hinum glötuðu lykllum.²⁰ Hægt er að smíða nýja lykla eftir teikningunum. Þó að ytri vindskeiðar smiðjunnar hafi legið í kross fyrir 1892, var ákveðið að láta þær mætast í toppnum, líkt og þær gerðu eftir þann tíma. Í kvikmyndinni *Saga Borgarættarinnar* má sjá að enginn aftursláttur er á vindskeiðunum á Litluskemmu, smiðjunni og hjallinum. Engu að síður var ákveðið að setja afturslátt á vindskeiðarnar, en hann þjónar sem vatnsbretti og er vörn gegn fúa. Auk þess er ekki um stílbrot að ræða, því slíkur aftursláttur hefur bæði verið á skálanum og Stóruskemmu. Vatnsvarnardúkurinn var beygður upp á vindskeiðarnar og negldur þar fastur. Dúkurinn nær upp fyrir næst efsta torflagið. Á norðurpili hjalls-

¹⁸ *Þjms* - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 5.

¹⁹ Drífa Hjartardóttir, viðtal 25. júlí 1997.

²⁰ *BS* - Kristín Skúladóttir; Ýmsar teikningar og stílabækur.



Mynd 21. Horft vestur eftir húsaröðinni. Hjallur, smiðja, Litlaskemma, og Stóruskemma. Húsin eru nýttjörguð. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.

ins nær dúkurinn upp á þilið. Norðan við smiðjuna og hjallinn þarf að laga til jarðvegysfirborð þannig að meiri halli fáiast frá húsunum. Hætt er við að vatn geti safnast fyrir í dældum. Þilin sem ganga næst kömpunum eru söguð til og felld að útlínum hleðslanna. Þannig er það einnig á skálapílinu.²¹ Allt járnverk í þilin var smíðað í smiðju Gunnars Bjarnasonar. Gömlu lamirnar á fjósinu voru hafðar sem fyrirmyndir að lömum á hurðir smiðju og hjalls.

IV. Verkstæðisvinna

Ýmsir byggingarhlutar Keldnabæjarins voru fluttir suður til Reykjavíkur á verkstæði Gunnars Bjarnasonar til viðgerðar. Þar er um að ræða viðgerð á sex hurðum: Útihurð Keldnaskálans, búrhurð, hurð milli anddyris og skála, hurð milli skála og baðstofu, hurð að stofu undir bað-

²¹ Skúli Lýðsson, viðtal í sept. 1997.



Mynd 22. Norðurstafrn hjallsins. Vatnsvarnardúkurinn var látinn liggja á skábretti til þess að beina vætunni frá húsinu. Við samskeyti þils og brettis var settur skáhallandi listi, þar sem dúkurinn var negldur. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.



Mynd 23. Horft norður eftir hjallinum. Árið 1892 var hjallinum lokað, þ.e. sett listabil á norðurstafrinn og smíðaðir hlerar fyrir grindurnar að framan ásamt því að hurð var sett fyrir dyraopið. Á norðurgafflinn var sett op á þilið og hleri fyrir með krók. Hér hefur verið tekið úr fyrir opinu á miðjuborðinu, en þessu opi má loka með hlera. Gunnar Bjarnason smíðaði bæði lamir og krók eftir fyrirmynd frá Keldum. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.

stofulofti og hurð nýja eldhúss. Öll járnsmíðavinnna fór fram í eldsmiðju, s.s. gerð lama, hespa og nagla. Gert var við þiljur baðstofunnar, smíðaðar útidyratröppur og hurðir í Nýjahús og gert við ýmislegt í myllunni. Hér verður fjallað um þær viðgerðir sem fóru fram á hurðum Keldna-bæjarins, járnsmíðavinnu og ýmsar smáviðgerðir aðrar.

1. Viðgerð á hurðum

Útihurð skálans var meðal þeirra sem gert var við á verkstæði. Um hana segir Skúli Guðmundsson í *Smæsta smátt*:

1912 smíðaði ég bæjardyrhurð úr Staðarkirkju, keypt 22. maí með karmi, skrá og lömum á 5 kr. líklega frá 1853 = 59 ára, ófúin, minkaði hana, setti sirkil rúðu á hana, hring, lokuklinku (úttekt 88). Hin hurðin fúin frá 1838 = 72 ára. Ég smíðaði hana einnig upp 19. júlí 1886 úr gömlu kirkjunni.²²

Skúli smíðaði því hurð þessa árið 1912 upp úr gamalli hurð frá miðri 19. öld. Vorið 1997 var þessi hurð mjög illa farin og kostaði töluverða viðgerð. Um þetta segir Gunnar Bjarnason:

Mikil viðgerð fór fram á henni. Var hún mjög illa farin af fúa, auk þess sem fyrri tíma viðgerð var ónýt og hafði skemmt frá sér. Höfðu 3 borð

verið negld innan á að neðanverðu og haldið bleytu í hurðinni þar. Lamirnar voru báðar ónýtar afryði. Þær voru undir okunum og voru ósamstæðar. Þær eru merktar og geymdar í lamafni Keldna. Önnur lamaför sáust á hurðinni með torkennilegu fari eftir enda efri lamarinnar, þar sem endi laufsins virðist sveigjast upp. Nýju lamirnar eru í sömu breidd og gamla lamafarið, en með algengu lagi á lamaenda. Slagjárn af klinku hékk á hurðinni. G.B. smíðaði 3 hluti, handfang, hlaupjárn og keng og festi á hurðina, svo nú er nothæf klinka á hurðinni - Fyrirmynd er engin en slagjárn er gamalt. Gert var við hurðarhring úr messing, hann var brotinn og vantaði í hann stykki. Ísleifur Friðriksson sá um það. Nýr festufleygur úr járninu var smíðaður og heldur hann hringnum á hurðinni. Ný rúða var sett í hurðina því sú gamla var brotin. Hún hafði verið úr rákóttu gleri (þvottabrettisgleri?) en sú nýja er slétt. Hespan var sprungin og gerði G.B. við, sauð í sárin. Hespan var færð til, var áður ofan við klinkuna en þá hafði hún lafað ofan á handfangið, svo hún var sett ofan við miðju hurðar.²³

Búrhurðin mun að öllum líkindum vera elst hurða á Keldum. Er hún úr sams konar strikuðum viðum og elsta tréverk Keldnaskálans. Um það segir Vigfús Guðmundsson:

²² ÞÍ - Skúli Guðmundsson; *Smæsta smátt*, bls. bls. 22.

²³ *Þjms* - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 4-5.



Mynd 24. Gunnar Bjarnason gengur frá dyrastöfum á lofti Nýjahúss síðsumars 1997. Ljós. Þór Hjaltalín.

Þó eru þar [í búrinu] líka þessir gömlu viðir og hurð, læst og á hjörum, eldri en núverandi skálahurð. Hún er úr sama efni, með sömu strikum og elstu viðirnir, 76 cm. á breidd, bogadregin að ofan, eins og dyrnar, sem vel eru manngengar. Járnlamir (að sjálfsögðu endurnýjaðar, ásamt skránni) með rósabeygjum til endanna, liggja þvert yfir hurðina og tapparöð úr dökkum viði er til prýðis um þvera hurð ofan- og neðanverða. - En að "búrluklarnir", sem Steinvör vildi fá Hálfadáni, hafi gengið að hurð þessari, þykir ef til vill ekki trúlegt.²⁴

Í myndasafni Kristínar Skúladóttur er m.a. að finna teikningu af búrhurðinni á Keldum. Teikningu þessa hefur hún líklega gert um 1945 og er þá hrúthornsbeygja aðeins á annarri löminni. Um búrhurðina segir hún:

Búrhurðin á Keldum er sjálfsagt mörg hundruð

²⁴ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 157-158.




Mynd 25. Útihurð Keldnaskálans fyrir viðgerð 1997. Hurð þessa smíðaði Skúli Guðmundsson árið 1912 upp úr annarri hurð líklega frá 1853. Hringurinn er sennilega sá hinn sami og Brynjólfur biskup Sveinsson getur um í visitasíu sinni til Keldna árið 1641. Hann hékk þá á kirkjuhurðinni. Ljós. Guðmundur Ingólfsson.

ára, hún er skreytt gömlu skrauti, stórum tré-tökkum, ofan og neðan. Svo er hún rennd á tveim stöðum. Hún er skreytt með 2 stórum og fallegum lömum. Hún hefur brotnað neðst til hægri eins og sjá má. Sjaldnast var hún læst, en lykillinn hékk alltaf í stoð rétt hjá.²⁵

Gunnar fór höndum um búrhurðina og gerði á henni nokkrar lagfæringar. Hann segir,

²⁵ BS - Kristín Skúladóttir; Ýmsar teikningar og stílabækur.



Mynd 26. Teikningu þessa af búrhurðinni á Keldum hefur Kristín Skúladóttir gert líklega um 1945. Viðir hennar eru sams konar og elstu skálaviðirnir.

Skeytt var neðan á eitt borðið á áður viðgerðan hluta þess. Gert var við trénacla. Nýr settur í þar sem vantaði. Lamirnar voru báðar smíðaðar nýjar. Neðri lömin er trúlega sú upphaflega en nú vantaði fremsta hlutann á hana auk þess sem hún er mjög ryðguð. Smíðað var eftir fari sem sést mjög greinilega og sýnir hrúthornslagadann enda. Efri lömin er seinni tíma smíð. Mörg naglagöt sýna að upphaflega lömin hefur verið færð a.m.k. þrisvar (augað beygt að nýju vegna slits og hún því stýtt) Fingurstórt gat er í lamahæð á hurðarspjaldinu og gæti verið gamalt naglagat í upphafi. Tvö dauf för sjást eftir hrúthornslagadann enda upphaflegu lamar-innar, sem færð hefur verið til á hurðinni. Ákveðið var að smíða þess konar löm og staðsetja hana í færslu no. 2, og leyfa gatinu að vera óhreyfðu. Ryðguð hurðarskrá hékk á einum nagla á hurðinni og bíður skráin viðgerðar á verkstæði G.B. Ekki sjást



Mynd 27. Nýuppgerð hurðin komin á sinn stað á Keldum. Nýjar lamir voru smíðaðar, settir nýjir trénaclar þar sem þá vantaði og skeytt við brotna borðið. Engin tilraun er gerð til þess að "fela" viðgerðirnar. Ljós. Þór Hjaltalín.

skýr för eftir lykillauf á hurðinni. Naglaför eru eftir eitthvað ofarlega á miðri hurð, e.t.v. hurðarhring. Gömlu lamirnar eru merktar og eru í safni gamalla lama frá Keldum. Sjálfhurðin er á sínum stað á Keldum og var hurðardrött fest upp að nýju, til bráðabirgða, en svo mikil skekkja er í þilinu að ekki er hægt að festa dróttina rétta.²⁶

Skálalhurðin mun vera úr Hlíðarendakirkju, flutt að Keldum eftir að kirkjan þar var lögð af árið 1802.²⁷ Vandað hefur verið til við smíðina á þessari gömlu spjaldahurð. Nú var gert við kanta á fölsum sem spjöldin liggja í. Ummerki voru um eldri viðgerðir á þeim. Efri lömin var hreinsuð og olíuborin en smíða varð nýja löm að neðan. Gömlu naglarnir voru notaðir til að festa þær á að nýju. Einnig var gert við hurð milli skála og baðstofu. Smíða varð nýja löm á hana og gera við

²⁶ Þf - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 2-3.

²⁷ Vigfús Guðmundsson; Keldur á Rangárvöllum, bls. 158.



Mynd 28. Skálahurðin komin á sinn stað eftir viðgerð. Spjaldahurð þessi kom úr kirkjunni á Hlíðarenda árið 1802. Ljós. Þór Hjaltalín.



Mynd 29. Fyrirmyndir að lömum má víða finna á Keldum. Hér sést löm með hrútshornslagi á útihurð vesturhesthúss, en hún er með sama sniði og búhurðarlömin. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.

hina. Gert var við skástífu og bútur felldur inn í hurðina og oki til festingar. Svo var að sjá að hún hafi fengið sams konar viðgerð áður. Gert var við handfangið og það fest aftur með smíðuðum nöglum. Tvo staffla vantar á dyrastafinn, annar týndur en hinn ryðgaður mjög. *Stofuhurð*, undir baðstofulofti fékk einnig nokkra viðgerð. Gert var við spjöld og föls sem brotnað hafði úr. Einnig var lagaður hurðarjaðar, þar sem sprungið hafði undan ryðguðum lömum. Gert var við aðra lömina auk þess sem sprungur voru límðar, flísar og smá spons. Skráin þarfnáðist viðgerðar og var hún því tekin úr ásamt húnum. Fyrir dyrum *nýja-eldhús er hurð* sem hlaut nokkra lagfæringu. Laga hún var snúið, þannig að slagjárnið héldist niðri. Handfangið snýr því enda að hurðarkanti en ekki í lamaátt eins og áður. Gert var við hurðarlöku og báðar lamirnar auk þess sem hurðin sjálf var negld betur.²⁸

2. Járnsmíðavinna

Á síðustu áratugum hefur gömlum lömum víða verið skipt út fyrir nýjar "búðalamir" og annars staðar eru gamlar lamir illa farnar. Markmiðið er að smíða nýjar lamir með gamla laginu í stað búðalamanna. Fyrirmyndir að hurðarlömum og hespum voru sóttar í gamlar lamir sem finnast enn á Keldum. Einnig voru smíðaðir 400 naglar, eftir gamla laginu, sem notaðir voru í þil smíðjunnar og hjallsins. Stærð þeirra var 3-5 þumlungar. Til

þess að ryðverja þá voru þeir vættir í blöndu af línolíu og lýsi meðan þeir voru um 80°C.²⁹ Þessir nýju naglar eru mjög til prýði, en áður hafði verið notaður nýr "búðasaumur".


3. Aðrar viðgerðir.

Páll Guðmundsson bóndi á Keldum 1817-28 hefur líklega verið fyrstur til að reisa *myllu* til kornmölunar á bænum. Hann mun hafa byggt eina slíka við Fjóslandina í Austurtúninu. Vatnið þvart og myllan varð ónothæf. Guðmundur Brynjólfsson hóf búskap á Keldum árið 1833 og bjó þar í fimmtíu ár. Hann byggði nýja myllu fyrir vestan bæinn, við norðausturhorn Króktúnsins. Vatnsþurrð hefur oft valdið nokkrum vanda við starfrækslu myllanna og fyrndist mylla Guðmundar af þeim sökum.

Árið 1870 var myllan færð til norðurs um 7-8 faðma og gerð þar upp með nýju lagi. Smíðina annaðist Jón Erlendsson bóndi á Arngeirsstöðum. Mylla þessi hafði stórt tólf arma útihjól við vesturvegg myllukofans. Þar tóku spaðarnir við fossandi vatni úr hlöðnum stökk. Mylluásinn lá í gegnum vesturvegginn. Inni í kofanum tengdist ásinn gangverki sem gerði það að verkum að kvörnin inni snerist helmingi hraðar en útihjólið. Viðhald myllunnar reyndist mikið og eftir um tuttugu ára notkun var hún orðin mjög lasleg. Árið 1895 var hún því rifin til grunna og endurgerð með undirhjóli að þessu sinni sem var

²⁸ *Þjms* - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 1-3.

²⁹ *Þjms* - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 5.



Mynd 30. Myllukofinn er orðinn laslegur á að líta. Ráðgert er að gera við kofan sumarið 2001. Allt gangverk myllunar verður smíðað nýtt. Ljós. Hjörleifur Stefánsson.

staðsett inni í myllukofanum. Ný rás var því gerð gegnum gaflhlað kofans þar sem hjólið tók við vatninu. Kvörnin snerist nú með sama hraða og hjólið. Vatnsrennslið var þó vandamál sem fyrr, en um það segir Vigfús Guðmundsson:

Nú varð mesta stríðið að halda vatninu. Ný rás var gerð fyrir það gegnum gaflhlað kofans, og marg ítrekaðar fyrirhleðslur, neðan við öll sýnileg vatnsaugu, en bæði var, að vatnið fór smám saman og stöðugt að kalla þverrandi, og grundvöllurinn er gljúp mól og hraun. Vatnsflöturinn hækkaði því lítið eða ekkert við fyrirhleðslurnar, heldur komu ný og ný vatnsaugu neðan við stíflurnar, þótt þar væri þurr eyri áður.³⁰

Árið 1915 fóru fram síðustu endurbætur á myllunni, en árið eftir var hún komin úr notkun. Vorið 1997 fundust leifar af gangverki, kvarnakassa og kvarnasteinum við mylluna. Þetta var flutt á verkstæði Gunnars þar sem hafist var handa við að endursmíða það. Öxull myllunar var

³⁰ Vigfús Guðmundsson; *Keldur á Rangárvöllum*, bls. 180.



Mynd 31. Nýjahús frá 1937 er lengst til vinstri, þá baðstofan og skálinn. Fremst má sjá op jarðganganna, en þau liggja undir vesturenda skálans. Ljós. Þór Hjaltalín.

grófformaður úr rekaviðarlerki. Auk þess var smíðaður járnöxull eða "þolinmóður". Ekki er þó fyllilega ljóst hvernig gangverkið hefur verið. Frekari endursmíði bíður því betri tíma, eða þar til búið er að hanna og gera teikningu af útbúnaði þessum. Leifar gangverksins eru nú í forvörslu á Þjóðminjasafninu. Ný hurð var smíðuð á mylluna ásamt járnverki, krók, lömum og nöglum.

Úr stofunni, gestaherbergi og piltaherbergi, undir baðstofunni, voru teknar niður nokkrar þiljur sem þörfuðust viðgerða. Skeytt var neðan við þær og fúí fjarlægður. Nokkrar nýjar þiljur voru smíðaðar og aurstokkar í stofunni. Ekki reyndist unnt að setja spjöldin á sinn stað vegna skekkju í hleðslu veggjanna. Viðgerð á hleðslunum bíður fram til sumars 1998.³¹

V. Framkvæmdir í Nýjahúsi

1. Fyrri viðgerðir.

Árið 1985 festi Þjóðminjasafnið kaup á íbúðarhúsi Jónínu Jónsdóttur á Keldum. Hús þetta, sem byggt var árið 1937, stendur við gömlu baðstofuna. Á þeim tíma hafði það lítið verið notað undangengin ár, nema Jónína bjó þar á sumrin meðan hún gegndi vörslu gamla bæjarins. Það þótti æskilegt að safnið eignaðist þetta hús og kemur þar einkum tvennt til. Í bréfi til menntamálaráðherra bendir Þór Magnússon á að nauðsynlegt sé að bæjarvörður hefði þar eitthvert

³¹ *Þjms* - Gunnar Bjarnason; Framkvæmdir á Keldum, bls. 1 og 6.



Mynd 32. Gólfborðin voru sumstaðar illa farin, sérstaklega upp við vegg. Ljós. Þórhallur Hólmgeirsson.



Mynd 33. Ólafur Ólafsson (t.v.) hóf viðgerðir á risinu um miðjan júlímánuð. Þórhallur Hólmgeirsson (t.h.) kom síðan einnig inn í það verk. Að baki þeim má sjá steintröppurnar sem lágu upp í Nýjahús, en þær voru fjarlægðar þetta sumar og smíðaðar trétröppur í staðinn. Ljósmynd Þór Hjaltasín

afdrepp, en einnig þyrfti að hafa viðunandi hreinlætisaðstöðu fyrir þá fjölmörgu gesti sem sækja staðinn heim. Slíkri snyrtingu mætti hæglega koma fyrir í kjallara hússins. Einnig þótti ástæða til að kaupa bæinn út frá varðveislusjónarmiðum. Þór segir húsið gott sýnishorn af íbúðarhúsum eins og þau voru eftir að fólk flutti úr torfbæjunum en víðast eru þau að hverfa. Húsið fellur einnig vel inn í þá heildarmynd sem bæjarhúsin og kirkjan skapa.³²

Premur árum síðar var bærinn á Keldum tekin út af þeim Jóhanni G. Guðnasyni og Brynjari Gunnarssyni. Þar segir um ástand Nýjahúss að

ef halda skuli því við, þurfi margt að gera. Ári fyrr, árið 1987, var hafist handa við viðgerðir á því og kom þá í ljós að húsið var mun verr farið en talið hafði verið. Þá var skipt um glugga á austurhlið og suðurgafli og endurnýja þurfti allan suðurstafninn. Um ástand hússins má sjá nánar í úttektinni.³³ Engar viðgerðir fóru fram á því fyrr en árið 1990, að hluti raflagna var endurnýjaður. Tveimur árum síðar var ráðist í það verk að setja nýtt bárujárn á þak og vegg. Þá voru kvistirnir rifnir af þakinu og gluggarnir endurnýjaðir.³⁴

³² Þjms - Þór Magnússon; Bréf til menntamálaráðuneytis þann 20. sept. 1984.

³³ Þjms - Jóhann G. Guðnason og Brynjar Gunnarsson; Úttekt á gamla bænum á Keldum.

³⁴ Ársskýrslur Þjóðminjasafns, 1987, 1990 og 1992.



Mynd 34. Leifur Ebenezerason sagar niður panel í risið. Gunnar og Leifur luku við allan frágang í ágústlok. Ljós. Þór Hjaltalín.



Mynd 35. Úttröppur timbri voru smíðaðar á verkstæði Gunnars Bjarnasonar í stað steintrappanna áður. Ljós. Þór Hjaltalín.

2. Framkvæmdir sumarið 1997

Verulegar viðgerðir fóru fram á húsinu þetta sumar. Viðgerðirnar önnuðust Þórhallur Hólmgeirsson, Gunnar Bjarnason og samstarfs-menn hans, þeir Leifur Ebenezerason og Ólafur Ólafsson. Þórhallur sá um viðgerð á neðri hæðinni og hóf það verk í maímánuði. Þar var gólfíð sumstaðar illa farið og fúíð, sérstaklega við vegg. Gert var við gólfbita og borð bæði í litla herberginu og stofunni. Skeytt var við þær fjalir sem voru fúnar. Fernisolía var síðan borin á fjalirnar. Veggir í litla- og stóra herbergi og í stofunni voru allir klæddir með gifsi. Suður vegginn varð að rífa allan inn að grind og einangra að nýju. Í eldhúsinu var þiljað með kúlupanel. Ný borðplata var sett í eldhúsið og loftið var skrapað, spartlað og málað. Gólf- og loftlistar voru settir í öll herbergin.³⁵ Um miðjan júlímánuð var byrjað að hreinsa út úr

risinu, en það var fullt af ýmiskonar drasli. Dúkur á gólfi var rifinn upp og gólfborð lagfærð. Þeir Ólafur og Þórhallur unnu síðan að verkinu. Allt var klætt að innan og byrjað var á því að bæta inn sperrum. Því næst var settur upp veggpappi að þakklæðningu. Einangrað var með steinull og plast sett yfir það.

Risinu var skipt í tvö herbergi og gang. Allt var þetta klætt með kúlupanel. Opnanleg fög voru sett í gluggana á suðurstaftni og á gangi og sem útgönguleiðir. Annað var nýtt, en hitt gamalt. Á verkstæði Gunnars voru smíðaðar tvær hurðir fyrir herbergin og voru þær hafðar svipaðar þeim sem eru á neðri hæðinni. Nýjar rafmagnsleiðslur voru lagðar í risið og taflan endurnýjuð og færð innar í vegginn, en áður hafði hún staðið út í ganginn. Í töfluna voru lögð viðbótarrör, sem liggja í stökk og koma fram undir stiganum. Rör þessi eru ætluð fyrir blásturskerfið, en áformað er að koma fyrir loftdælu í kjallara hússins. Tveir rafmagnsöfnar voru settir upp á hæðinni

³⁵ Þórhallur Hólmgeirsson, viðtal 16. sept. 1997.



Mynd 36. Þann 19. ágúst kom Jón Svanur Pétursson málarí að Keldum og hófst þegar handa við að setja lit á bæinn. Málaði hann bárujárníð að utan og öll herbergin á neðri hæðinni. Ljós. Þór Hjaltalín.

sinn í hvoru herberginu. Búið er að koma fyrir ljósum í herbergjunum.

Þann 7. ágúst voru fengnir menn til þess að gera við klósettstíflu í Nýjahúsi. Viðgerð þessi kostaði töliverða aðgerð, því brjóta þurfti upp gólfið næst klósettinu. Þar undir voru rör brotin. Leiðslan liggur undir útitröppurnar og þaðan niður í Keldnalæk. Til að kanna ástand röranna undir tröppunum varð að brjóta þær niður, en þegar til kom reyndust þau heil. Tröppurnar voru þó ekki brotnar niður að óþörfu, því til stóð að fjarlægja þær og smíða trétröppur í staðinn. Í leiðinni var grafið fyrir blástursrörum sem liggja úr kjallara Nýjahúss og inn í baðstofuna. Brotið var fyrir rörunum inn í Nýjahús og steipt umhverfis þau.

VI. Heimildir

Óprentaðar heimildir.

Byggðasafnið á Skógum: BS

BS - Kristín Skúladóttir: Ýmsar teikningar og stílabækur. (óskráð).

Þjóðminjasafn Íslands: Þjms

Þjms – Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir: Smíðja á Keldum. Fornleifa-deild.

Þjms – Gunnar Bjarnason: Framkvæmdir á Keldum. Húsverndardeild.

Þjms – Jóhann G. Guðnason og Brynjar Gunnarsson: Úttekt á gamla bænum á Keldum, Keldnagögn, Húsverndardeild.

Þjms – Þór Hjaltalín: Dagbók – Keldur sumarið 1997. Keldnagögn, Húsverndardeild.

Þjms – Þór Magnússon: Bréf til menntamála-
ráðuneytis þann 20. sept 1984. Keldnagögn,
Húsverndardeild.

Þjóðskjalasafn Íslands: ÞÍ

ÞÍ – Einkaskjalasafn. Skúli Guðmundsson:
Smæsta smátt. Keldnaskjöl, E7.

Viðtöl

Ari Jóhannesson, hleðslumaður, 28. jan. 1998.

Drífa Hjartardóttir, húsfreyja á Keldum, 25. júlí 1997.

Hjörleifur Stefánsson, minjastjóri, 24. sept. 1997.

Skúli Lýðsson, bóndi á Keldum, sept. 1997.

Víglundur Kristjánsson, hleðslumaður, 28. ágúst 1997.

Þórhallur Hólmgeirsson, smiður, 20. ágúst og 16. sept. 1997.

Prentaðar heimildir

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1961. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1962, Rv. 1962.

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1976. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1977, Rv. 1978.

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1987. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1987, Rv. 1988.

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1990. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1990, Rv. 1991.

Ársskýrslur Þjóðminjasafns 1992. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1992, Rv. 1993.

Guðbrandur Jónsson: Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal. Lýsing íslenskra miðaldakirkna. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta V*. Rv. 1919-1929.

Vigfús Guðmundsson: *Keldur á Rangárvöllum. Jörðin, ábúendur, kirkjan, hús og mannvirki*. Rv. 1949.

Keldur á Rangárvöllum

Viðgerðir á Keldum sumarið 1997.
Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús

Pór Hjaltalín

- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Pór Hjaltalín.
- 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús. Pór Hjaltalín.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS